# Orkuveita Reykjavíkur

Samstæða

Samandreginn árshlutareikningur

1. janúar til 30. júní 2016

Orkuveita Reykjavíkur
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

Kt. 551298-3029

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 3 |
| Könnunaráritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Yfirlit um heildarafkomu | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Eiginfjáryfirlit | 8 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 9 |
| Skýringar | 10 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Samstæðan veitir þjónustu í gegnum félög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustusvæði sínu.

Árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2016 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IAS 34 um árshlutareikninga*. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning OR og dótturfyrirtækja.

Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2016 nam 5.029 milljónum kr. (1.1.-30.6.2015: 2.260 milljónum kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 305.505 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2015: 310.990 milljónum kr.). Eigið fé nam 116.892 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2015: 114.771 milljónum kr.) og er eiginfjárhlutfall samstæðunnar 38,3% (31.12.2015 36,9%).

| Í upphafi ársins sem og í lok tímabilsins voru eigendur móðurfyrirtækisins þrír, en þeir eru: | Eignarhluti |
|---|---|
| Reykjavíkurborg ........................................ | 93,539% |
| Akraneskaupstaður ........................................ | 5,528% |
| Borgarbyggð ........................................ | 0,933% |

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IAS 34 um árshlutareikninga.* Að áliti stjórnar og forstjóra gefur árshlutareikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2016 ásamt rekstrarafkomu hennar sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2016.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og forstjóri staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2016.

Reykjavík, 22. ágúst 2016.

Í stjórn fyrirtækisins:

*Brynhildur Davíðsdóttir*
*Valdís Eyjólfsdóttir*
*Páll Gestsson*
*Áslaug Friðriksdóttir*
*Kjartan Magnússon*
*Gylfi Magnússon*

Forstjóri:
*Bjarni Bjarnason*

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Orkuveitu Reykjavíkur.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2016, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

Stjórn og forstjóri fyrirtækisins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

**Umfang könnunar**

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

**Ályktun**

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar sé í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 „Árshlutareikningar“.

Reykjavík, 22. ágúst 2016.

***KPMG ehf.***
*Kristrún H.Ingólfsdóttir*

# Rekstrarreikningur
# 1. janúar til 30. júní 2016

| | Skýr. | 2016 1.4.-30.6.* | 2015 1.4.-30.6.* | 2016 1.1.-30.6. | 2015 1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur ........................................ | | 9.619.734 | 9.429.584 | 20.955.321 | 20.478.868 |
| Rekstrartekjur samtals | | 9.619.734 | 9.429.584 | 20.955.321 | 20.478.868 |
| Orkukaup ............................................... | | ( 1.497.362) | ( 1.387.728) | ( 3.132.746) | ( 3.255.782) |
| Laun og launatengd gjöld ....................... | | ( 1.376.820) | ( 1.035.114) | ( 2.757.033) | ( 2.131.567) |
| Annar rekstrarkostnaður ......................... | | ( 1.261.524) | ( 1.201.119) | ( 2.324.893) | ( 2.055.925) |
| Rekstrarkostnaður samtals | | ( 4.135.706) | ( 3.623.961) | ( 8.214.672) | ( 7.443.275) |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) .............................** | | 5.484.028 | 5.805.623 | 12.740.649 | 13.035.593 |
| Afskriftir ................................................. | 5 | ( 2.896.631) | ( 2.399.590) | ( 5.302.829) | ( 4.798.932) |
| **Rekstrarhagnaður (EBIT) .....................** | | 2.587.398 | 3.406.033 | 7.437.820 | 8.236.661 |
| Vaxtatekjur ............................................. | | 72.786 | 74.970 | 88.197 | 197.058 |
| Vaxtagjöld ............................................... | | ( 1.446.239) | ( 1.575.933) | ( 2.558.557) | ( 2.670.567) |
| Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum ................... | | 2.321.477 | ( 3.803.318) | 1.538.898 | ( 3.639.072) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals | 4 | 948.025 | ( 5.304.282) | ( 931.462) | ( 6.112.581) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga ............................. | | 0 | 3.643 | ( 3.369) | 3.643 |
| Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt | | 3.535.422 | ( 1.894.605) | 6.502.989 | 2.127.723 |
| Tekjuskattur ........................................... | | ( 1.041.569) | 878.875 | ( 1.474.019) | 132.611 |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | | 2.493.853 | ( 1.015.730) | 5.028.970 | 2.260.334 |

*Ársfjórðungsupplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum.
Skýringar á bls. 10-16 eru ófrávíkjanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Yfirlit um heildarafkomu
# 1. janúar til 30. júní 2016

| | 2016<br>1.4.-30.6.* | 2015<br>1.4.-30.6.* | 2016<br>1.1.-30.6. | 2015<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður tímabilsins | 2.493.853 | ( 1.015.730) | 5.028.970 | 2.260.334 |
| **Tekjur og gjöld sem færð eru beint á eigið fé** | | | | |
| **Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning** | | | | |
| Þýðingarmunur | ( 358.240) | ( 2.336.236) | ( 2.908.125) | 1.900.573 |
| | ( 358.240) | ( 2.336.236) | ( 2.908.125) | 1.900.573 |
| Tekjur og gjöld færð beint á eigið fé, eftir skatta | ( 358.240) | ( 2.336.236) | ( 2.908.125) | 1.900.573 |
| **Afkoma tímabilsins auk tekna og gjalda sem eru færð beint á eigið fé** | 2.135.614 | ( 3.351.966) | 2.120.845 | 4.160.908 |

*Ársfjórðungsupplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum.

# Efnahagsreikningur 30. júní 2016

| | Skýr. | 30.6.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 5 | 272.141.645 | 278.311.167 |
| Óefnislegar eignir | | 1.406.347 | 1.366.036 |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | | 59.381 | 62.750 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | | 2.907.914 | 2.907.914 |
| Áhættuvarnarsamningar | | 246.003 | 443.324 |
| Tekjuskattseign | | 4.591.502 | 5.458.992 |
| Fastafjármunir samtals | | 281.352.792 | 288.550.184 |
| Birgðir | | 704.374 | 610.407 |
| Viðskiptakröfur | 6 | 5.298.863 | 4.634.866 |
| Áhættuvarnarsamningar | | 524.933 | 805.795 |
| Aðrar fjáreignir | | 8.560.313 | 8.713.156 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 573.399 | 502.759 |
| Bundnar innstæður | | 0 | 554.381 |
| Markaðsverðbréf | | 1.440.737 | 1.353.894 |
| Handbært fé | | 7.049.093 | 5.264.079 |
| Veltufjármunir samtals | | 24.151.713 | 22.439.337 |
| **Eignir samtals** | | 305.504.504 | 310.989.521 |
| **Eigið fé** | | | |
| Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna | | 74.334.768 | 75.808.678 |
| Gangvirðisreikningur | | 2.445.000 | 2.445.000 |
| Þýðingarmunur | | 2.330.536 | 5.238.661 |
| Óráðstafað eigið fé | | 37.781.725 | 31.278.845 |
| **Eigið fé samtals** | | 116.892.029 | 114.771.184 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 7 | 141.011.269 | 146.346.901 |
| Lífeyrisskuldbinding | | 587.642 | 542.661 |
| Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum | | 9.253.547 | 11.095.112 |
| Áhættuvarnarsamningar | | 2.483.743 | 2.320.623 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 7.961.671 | 7.619.437 |
| Langtímaskuldir samtals | | 161.297.873 | 167.924.734 |
| Viðskiptaskuldir | | 1.826.357 | 2.240.135 |
| Vaxtaberandi skuldir | 7 | 17.063.880 | 19.288.436 |
| Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum | | 1.596.949 | 2.097.051 |
| Áhættuvarnarsamningar | | 1.881.730 | 1.755.978 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 6 | 1.624.882 | 0 |
| Tekjuskattur til greiðslu | | 100.514 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 3.220.290 | 2.912.003 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 27.314.602 | 28.293.603 |
| **Skuldir samtals** | | 188.612.475 | 196.218.337 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 305.504.504 | 310.989.521 |

Skýringar á bls. 10-16 eru ófrávíkjanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Eiginfjáryfirlit
# 1. janúar til 30. júní 2016

| 1.1.-30.6. 2016 | Endurmats-reikningur rekstrarfjárm | Gangvirðis-reikningur | Þýðingar-munur | Óráðstafað eigið fé* | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1. janúar 2016 ........................... | 75.808.678 | 2.445.000 | 5.238.661 | 31.278.845 | 114.771.184 |
| Þýðingarmunur ....................................... | | | ( 2.908.125) | | ( 2.908.125) |
| Hagnaður tímabilsins ............................. | | | | 5.028.970 | 5.028.970 |
| Heildarafkoma ........................................ | 0 | 0 | ( 2.908.125) | 5.028.970 | 2.120.845 |
| Innlausn endurmats vegna afskrifta ........ | ( 1.473.910) | | | 1.473.910 | 0 |
| Eigið fé 30. júní 2016 ............................. | 74.334.768 | 2.445.000 | 2.330.536 | 37.781.725 | 116.892.029 |

| 1.1.-30.6. 2015 | Endurmats-reikningur rekstrarfjárm | Gangvirðis-reikningur | Þýðingar-munur | Óráðstafað eigið fé* | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1. janúar 2015 ........................... | 69.446.324 | 1.760.000 | 4.235.355 | 23.968.184 | 99.409.863 |
| Þýðingarmunur ....................................... | | | 1.900.573 | | 1.900.573 |
| Hagnaður tímabilsins ............................. | | | | 2.260.334 | 2.260.334 |
| Heildarafkoma ........................................ | 0 | 0 | 1.900.573 | 2.260.334 | 4.160.908 |
| Innlausn endurmats vegna afskrifta ........ | ( 1.300.335) | | | 1.300.335 | 0 |
| Eigið fé 30. júní 2015 ............................. | 68.145.988 | 1.760.000 | 6.135.929 | 27.528.854 | 103.570.771 |

* Samkvæmt nýsamþykktum lögum um breytingar á ársreikningalögum sem gilda frá 1.1.2016 ber félögum að færa hlutdeild í afkomu dótturfélaga, sem er umfram móttekinn arð eða þann arð sem ákveðinn hefur verið að úthluta, af óráðstöfuðu eigin fé og yfir á bundinn hlutdeildarreikning meðal eigin fjár. Sama gildir um gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning vegna fjáreigna sem tilgreindar eru sem fjáreignir færðar á gangvirði í gegnum rekstur. Óvissa ríkir um innleiðingu, gildissvið og framkvæmd framangreindra ákvæða. Vegna þessa hefur gangvirðisbreyting tímabilsins ekki verið færð á gangvirðisreikning meðal eigin fjár né hlutdeild móðurfyrirtækisins í afkomu dótturfélaga.

# Sjóðstreymisyfirlit
# 1. janúar til 30. júní 2016

| | 2016<br>1.1.-30.6. | 2015<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Hagnaður tímabilsins | 5.028.970 | 2.260.334 |
| Leiðrétt fyrir: | | |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 931.462 | 6.112.581 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | 3.369 | ( 3.643) |
| Tekjuskattur | 1.474.019 | ( 132.611) |
| Afskriftir og virðisrýrnun | 5.302.829 | 4.798.932 |
| Söluhagnaður eigna | 0 | ( 13.097) |
| Lífeyrisskuldbinding, hækkun | 44.981 | 32.301 |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | 12.785.629 | 13.054.797 |
| Birgðir, hækkun | ( 89.209) | ( 54.585) |
| Skammtímakröfur, hækkun | ( 792.147) | ( 1.058.575) |
| Skammtímaskuldir, hækkun | 1.271.273 | 1.239.402 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | 13.175.547 | 13.181.038 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 56.518 | 251.599 |
| Greidd vaxtagjöld | ( 1.890.464) | ( 2.214.787) |
| Móttekinn arður | 28.493 | 9.890 |
| Innborganir (greiðslur) vegna annarra fjármunatekna og fjármagnsgjalda | 403.751 | ( 185.889) |
| Handbært fé frá rekstri | 11.773.846 | 11.041.851 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | ( 5.569.456) | ( 3.319.502) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | ( 72.075) | ( 53.657) |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | 0 | 23.225 |
| Breyting á bundnum innlánum | 554.381 | 1.750.144 |
| Breyting á markaðsverðbréfum | ( 86.843) | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | ( 5.173.993) | ( 1.599.789) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Tekin ný langtímalán | 1.038.000 | 0 |
| Afborganir langtímaskulda | ( 7.338.178) | ( 6.933.949) |
| Skammtímalán, hækkun (lækkun) | 1.554.433 | ( 1.693.456) |
| Fjármögnunarhreyfingar | ( 4.745.745) | ( 8.627.404) |
| **Hækkun á handbæru fé** | 1.854.108 | 814.658 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 5.264.079 | 9.147.113 |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé** | ( 69.093) | ( 15.678) |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | 7.049.093 | 9.946.094 |
| **Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa** | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | ( 444.852) | ( 733.099) |
| Skammtímaskuldir, breyting | 444.852 | 733.099 |
| Tekin ný langtímalán | 2.701.725 | 0 |
| Afborganir langtímaskulda | ( 2.701.725) | 0 |
| **Aðrar upplýsingar** | | |
| Veltufé frá rekstri | 10.617.208 | 10.501.181 |

# Skýringar

## 1. Fyrirtækið

Orkuveita Reykjavíkur (OR) er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið er með höfuðstöðvar á Íslandi að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Samandreginn samstæðureikningur fyrirtækisins geymir árshlutareikning móðurfyrirtækisins og dótturfélaga þess, (sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“) og hlutdeild í hlutdeildarfélögum.

Samstæðan veitir þjónustu í gegnum félög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustusvæði sínu.

| | | Eignarhluti | |
|---|---|---|---|
| **Dótturfélög í samstæðunni** | **Meginstarfsemi** | **30.6.2016** | **31.12.2015** |
| Gagnaveita Reykjavíkur ehf. | Gagnaflutningar | 100% | 100% |
| OR Eignir ohf. | Eignarhaldsfélag | 100% | 100% |
| Veitur ohf. | Dreifing rafmagns og hita | 100% | 100% |
| Orka náttúrunnar ohf. | Sala rafmagns | 100% | 100% |
| OR Vatns- og fráveita sf. | Vatns- og fráveitustarfsemi | 100% | 100% |
| Reykjavík Energy Invest ehf. | Fjárfestingafyrirtæki | 100% | 100% |
| Úlfljótsvatn frítímabyggð ehf. | Undirbúningsfyrirtæki | 100% | 100% |

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. *Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt*

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil. Samandreginn árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2015. Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings fyrirtækisins fyrir árið 2015. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá fyrirtækinu eða á vef þess www.or.is, sem og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn staðfesti og heimilaði birtingu ársreikningsins 22. ágúst 2016.

### b. *Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill*

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill fyrirtækisins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

### c. *Matsaðferðir*

Reikningsskil samstæðunnar eru gerð á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna hafa verið endurmetnir til gangvirðis, innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum, eignarhlutar í öðrum félögum og aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru færð á gangvirði. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringum með ársreikningi 2015.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna, frh.

### d. *Erlendir gjaldmiðlar*

#### i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðla einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags. Aðrar eignir og skuldir sem færðar eru á gangvirði í erlendri mynt eru færðar á gengi þess dags er gangvirði var ákveðið. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

#### ii) Dótturfélag með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu

Eignir og skuldir starfsemi félags samstæðunnar sem hefur bandarískan dollar (USD) sem starfrækslugjaldmiðil eru umreiknaðar í íslenskar krónur (ISK) miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld þessarar starfsemi eru umreiknuð í ISK á meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í ISK er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar starfsemi með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu er seld, að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

### e. *Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða*

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

# Skýringar

## 3. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir innri upplýsingagjöf fyrirtækisins. Starfsþættir sem eru birtir eru *Veitur,* sem samanstanda af veiturekstri samstæðunnar í heitu og köldu vatni, dreifingu rafmagns og fráveitu, *Orka náttúrunnar* vegna samkeppnisreksturs í framleiðslu og sölu rafmagns og heits vatns auk *Annarrar starfsemi* sem sýnir rekstur móðurfyrirtækisins og *Gagnaveitu Reykjavíkur* .

Við gerð starfsþáttayfirlits er notast við sömu reikningsskilareglur og samstæðan notast við og lýst er í skýringum með ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2015.

| **Rekstrarstarfsþættir - svið** | | **Orka** | **Önnur** | **Jöfnunar-** | |
|---|---|---|---|---|---|
| **1.1.-30.6. 2016** | **Veitur** | **náttúrunnar** | **starfsemi** | **færslur** | **Samtals** |
| Tekjur frá þriðja aðila | 13.685.943 | 6.242.750 | 1.026.627 | 0 | 20.955.321 |
| Tekjur innan samstæðu | 1.307.750 | 2.133.319 | 2.387.227 | ( 5.828.296) | 0 |
| Tekjur starfsþátta | 14.993.693 | 8.376.069 | 3.413.854 | ( 5.828.296) | 20.955.321 |
| Rekstrargjöld starfsþátta | ( 6.530.079) | ( 4.140.242) | ( 3.372.646) | 5.828.296 | ( 8.214.672) |
| Rekstrarhagnaður starfsþátta, EBITDA | 8.463.614 | 4.235.827 | 41.208 | 0 | 12.740.649 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | ( 2.557.864) | ( 1.789.164) | ( 955.802) | 0 | ( 5.302.829) |
| Afkoma starfsþátta, EBIT | 5.905.750 | 2.446.663 | ( 914.594) | 0 | 7.437.820 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | ( 2.298.379) | ( 2.297.478) | 1.322.729 | 2.341.666 | ( 931.462) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 0 | 0 | ( 3.369) | 0 | ( 3.369) |
| Tekjuskattur | ( 417.691) | ( 12.956) | ( 200.373) | ( 843.000) | ( 1.474.019) |
| Hagnaður tímabilsins | 3.189.680 | 136.230 | 204.393 | 1.498.666 | 5.028.970 |
| | | | | | |
| **1.1.-30.6. 2015** | | | | | |
| Tekjur frá þriðja aðila | 13.027.600 | 6.479.565 | 971.703 | 0 | 20.478.868 |
| Tekjur innan samstæðu | 1.408.582 | 1.693.911 | 2.333.187 | ( 5.435.680) | 0 |
| Tekjur starfsþátta | 14.436.182 | 8.173.476 | 3.304.889 | ( 5.435.680) | 20.478.868 |
| Rekstrargjöld starfsþátta | ( 5.680.189) | ( 4.107.791) | ( 3.090.975) | 5.435.680 | ( 7.443.275) |
| Rekstrarhagnaður starfsþátta, EBITDA | 8.755.993 | 4.065.685 | 213.914 | 0 | 13.035.593 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | ( 2.538.123) | ( 1.817.546) | ( 443.264) | 0 | ( 4.798.932) |
| Afkoma starfsþátta, EBIT | 6.217.871 | 2.248.139 | ( 229.349) | 0 | 8.236.661 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | ( 3.161.007) | ( 703.110) | 1.939.887 | ( 4.188.350) | ( 6.112.581) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 0 | 0 | 3.643 | 0 | 3.643 |
| Tekjuskattur | ( 409.686) | ( 364.865) | ( 599.851) | 1.507.014 | 132.611 |
| Hagnaður tímabilsins | 2.647.177 | 1.180.164 | 1.114.330 | ( 2.681.337) | 2.260.334 |

## 3. Starfsþáttayfirlit, frh.

**Rekstrarstarfsþættir - svið, frh.**

| | Veitur | Orka náttúrunnar | Önnur starfsemi | Jöfnunarfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Efnahagur (30.6.2016)** | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir .................................. | 139.931.107 | 115.941.339 | 17.675.545 | 0 | 273.547.992 |
| Aðrar eignir .................................................................................................. | 14.367.312 | 7.765.811 | 387.926.320 | ( 378.102.931) | 31.956.512 |
| | | | | | 305.504.504 |
| Vaxtaberandi skuldir ................................................................................ | 69.618.469 | 67.070.955 | 158.075.149 | ( 136.689.424) | 158.075.149 |
| Aðrar skuldir ............................................................................................... | 9.356.210 | 5.173.494 | 25.590.356 | ( 9.582.735) | 30.537.326 |
| | | | | | 188.612.475 |
| **Fjárfestingar** | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir .................................. | 3.110.965 | 1.222.373 | 1.416.609 | 0 | 5.749.947 |
| **Efnahagur (31.12.2015)** | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir .................................. | 139.378.006 | 123.084.460 | 17.214.738 | 0 | 279.677.203 |
| Aðrar eignir ............................................................................................... | 11.343.532 | 7.541.563 | 392.665.099 | ( 380.237.877) | 31.312.317 |
| | | | | | 310.989.521 |
| Vaxtaberandi skuldir ................................................................................ | 71.229.733 | 71.363.358 | 165.635.337 | ( 142.593.091) | 165.635.337 |
| Aðrar skuldir .......................................................................................... | 7.357.745 | 5.028.073 | 21.784.659 | ( 3.587.478) | 30.583.000 |
| | | | | | 196.218.337 |
| **Fjárfestingar** | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir .................................. | 3.989.932 | 4.509.621 | 1.878.980 | 0 | 10.378.533 |

## 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | 2016 1.1.-30.6. | 2015 1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig: | | |
| Vaxtatekjur | 88.197 | 197.058 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | ( 2.262.389) | ( 2.305.254) |
| Ábyrgðargjald til eigenda 1) | ( 296.168) | ( 365.314) |
| Vaxtagjöld samtals | ( 2.558.557) | ( 2.670.568) |
| Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum | 2.341.666 | ( 4.186.149) |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna og fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstur | ( 152.844) | 282.285 |
| Áhættuvarnarsamningar | ( 1.374.503) | ( 1.120.011) |
| Gengismunur | 696.086 | 1.374.913 |
| Arðstekjur | 28.493 | 9.890 |
| Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum samtals | 1.538.898 | ( 3.639.072) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals | ( 931.462) | ( 6.112.582) |

1) Samstæðan greiddi ábyrgðargjald til núverandi og fyrrverandi eigenda fyrirtækisins vegna ábyrgða sem þeir hafa veitt á skuldir samstæðunnar samkvæmt ákvörðun aðalfundar Orkuveitunnar árið 2005. Gjaldið er á ársgrunni, 0,375% (2015: 0,375%) á lán vegna sérleyfisstarfsemi og 0,57% (2015: 0,55%) á lán vegna samkeppnisstarfsemi. Útreikningur gjaldsins er gerður miðað við stöðu lána í lok hvers ársfjórðungs. Ábyrgðargjaldið nam samtals 152 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2016 (1.1.-30.6.2015: 365 milljónum kr.) og er fært á meðal vaxtagjalda.

**Gangvirðisbreytingar gegnum rekstur**

Við mat á gangvirði óskráðra fjáreigna og fjárskulda er beitt viðurkenndum verðmatsaðferðum sem er lýst í skýringu 35 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2015. Gangvirðisbreyting sem færð er til tekna í rekstrarreikningi vegna þessa á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2016 nemur samtals 2.189 milljónum kr. (1.1.-30.6.2015: gjaldfærsla 3.904 milljónir kr.).

## 5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir í byggingu meðal varanlegra rekstrarfjármuna hafa verið færðar niður um 500 milljón kr. á tímabilinu til viðbótar við 1.200 milljón kr. niðurfærslu í lok ársins 2015 vegna óvissu um framtíð samnings um kaup á 45 MW vélarsamstæðu. Eftir niðurfærsluna er bókfært verð þeirra 500 milljón kr. en viðræður eru í gangi um samninginn og er þess vænst að hluti innborgana í verkið fáist endurgreiddar. Breytingar á matinu frá árslokum 2015 byggja á því að salan til þriðja aðila gekk ekki eftir.

## 6. Viðskiptakröfur og fyrirframinnheimtar tekjur

Staða viðskiptakrafna og staða fyrirframinnheimtra tekna breytist talsvert milli tímabila þar sem sala í smásölu er innheimt með jöfnum greiðslum en raun notkun sveiflast talsvert á milli tímabila. Einnig eru vatns- og fráveitugjöld reikningsfærð á fyrstu níu mánuðum ársins en þeim tekjum er dreift jafnt á allt árið. Skráning tekna fer eftir notkun og afhendingu þjónustunnar í samræmi við reikningsskilareglur.

## 7. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir samstæðunnar eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Frekari upplýsingar um vaxtaáhættu og gjaldeyrisáhættu eru veittar í skýringu 24 í ársreikningi OR fyrir 2015. Vaxtaberandi skuldir greinast með eftirfarandi hætti:

| **Langtímaskuldir** | **30.6.2016** | **31.12.2015** |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 122.638.624 | 130.929.982 |
| Víkjandi lán frá eigendum | 13.672.762 | 13.711.809 |
| Skuldabréfaútgáfa | 20.209.230 | 20.993.546 |
| | 156.520.616 | 165.635.337 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | ( 15.509.347) | ( 19.288.436) |
| | 141.011.269 | 146.346.901 |
| **Skammtímaskuldir** | | |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 15.509.347 | 19.288.436 |
| Víxlar | 1.554.533 | 0 |
| | 17.063.880 | 19.288.436 |
| Vaxtaberandi skuldir samtals | 158.075.149 | 165.635.337 |

**Skilmálar vaxtaberandi skulda**

| | | **30.6.2016** | | **31.12.2015** | |
|---|---|---|---|---|---|
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum: | **Lokagjalddagi** | **Meðalvextir í árslok** | **Eftirstöðvar** | **Meðalvextir í árslok** | **Eftirstöðvar** |
| Skuldir í CHF | 5.10.2027 | 0,00% | 14.770.818 | 0,00% | 15.858.990 |
| Skuldir í EUR | 19.12.2027 | 0,67% | 45.616.877 | 0,79% | 49.424.015 |
| Skuldir í USD | 15.11.2038 | 1,86% | 35.425.900 | 1,62% | 39.472.704 |
| Skuldir í JPY | 10.5.2027 | 0,04% | 7.830.443 | 0,13% | 7.550.385 |
| Skuldir í GBP | 26.2.2024 | 1,72% | 3.086.750 | 1,74% | 4.031.464 |
| Skuldir í SEK | 5.10.2027 | 0,00% | 4.720.201 | 0,00% | 5.155.106 |
| | | | 111.450.991 | | 121.492.664 |
| Skuldir í íslenskum krónum: | | | | | |
| Verðtryggðar | 10.1.2037 | 4,03% | 43.867.126 | 4,03% | 42.907.674 |
| Óverðtryggðar | 5.12.2018 | 7,32% | 2.757.033 | 7,40% | 1.235.000 |
| | | | 46.624.159 | | 44.142.674 |
| Vaxtaberandi skuldir samtals | | | 158.075.149 | | 165.635.338 |

Afborganir langtímalána greinast þannig næstu ár:

| **30.6.2016** | |
|---|---|
| 1.7.2016-30.06.2017 | 17.063.880 |
| 1.7.2017-30.06.2018 | 15.664.939 |
| 1.7.2018-30.06.2019 | 15.818.299 |
| 1.7.2019-30.06.2020 | 13.931.573 |
| 1.7.2020-30.06.2021 | 13.566.683 |
| Síðar | 82.029.774 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun | 158.075.149 |

## 7. Vaxtaberandi skuldir, frh.

**31.12.2015**

| | |
|---|---|
| 1.1.2016-31.12.2016 | 19.288.436 |
| 1.1.2017-31.12.2017 | 15.001.564 |
| 1.1.2018-31.12.2018 | 15.928.982 |
| 1.1.2019-31.12.2019 | 14.275.206 |
| 1.1.2020-31.12.2020 | 13.976.808 |
| Síðar | 87.164.340 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun | 165.635.337 |

**Endurfjármögnun lána**

Í júní 2016 samdi OR um endurfjármögnun á láni að fjárhæð 4,6 milljarðar kr. Lánið var kúlulán sem koma átti til greiðslu í desember 2016. Samið var um greiðslu á 1,9 milljörðum kr. með fjórum jöfnum afborgunum á sex mánaða fresti og lokagjalddaga 14. desember 2018. Nýtt skuldabréf til 30 ára var gefið út til endurfjármögnunar á 2,7 milljörðum kr.

**Ábyrgðir og veðsetningar**

Eigendur móðurfyrirtækisins eru í hlutfallslegri ábyrgð meirihluta allra skulda og skuldbindingum þess. Samstæðan hefur ekki veðsett eignir sínar til tryggingar á skuldum.

**Fjárhagsskilyrði lánasamninga**

Lán að fjárhæð 16.461 milljónir kr. eru með tilteknum fjárhagsskilyrðum sem snúa að hlutföllum endurgreiðslutíma lána miðað við EBITDA og vaxta sem hlutfall af EBITDA. Einnig er horft til þess að markmið áætlana séu innan ákveðinna vikmarka (2015: 13.909 milljónir kr.). Stjórnendur fara reglulega yfir fjárhagsskilyrðin og er mat stjórnenda að ekki sé hætta á að þau falli. Í lok júní 2016 stóðst samstæðan öll fjárhagsskilyrði lánasamninga.

## 8. Gangvirði

**Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði**

Bókfært verð fjáreigna og fjárskulda á uppgjörsdegi er jafnt og gangvirði þeirra, fyrir utan vaxtaberandi skuldir sem eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Bókfært verð og gangvirði þeirra greinist með eftirfarandi hætti:

| | **30.6.2016** | | **31.12.2015** | |
|---|---|---|---|---|
| | **Bókfært verð** | **Gangvirði** | **Bókfært verð** | **Gangvirði** |
| Vaxtaberandi skuldir | 158.075.149 | 140.043.421 | 165.635.337 | 145.180.453 |

Gangvirði vaxtaberandi skulda er reiknað núvirði höfuðstóls og vaxta, sem er afvaxtað með markaðsvöxtum, auk viðeigandi áhættuálags á uppgjörsdegi. Gangvirði vaxtaberandi skulda er flokkað sem stig 2.

**Vextir við mat á gangvirði**

Þar sem við á er notaður vaxtaferill á uppgjörsdegi þegar vænt sjóðstreymi er núvirt. Vextirnir greinast þannig:

| | **30.6.2016** | **31.12.2015** |
|---|---|---|
| Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum | 3,70% til 9,29% | 3,35% til 10,13% |
| Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur | 7,23% til 7,23% | 7,51% til 7,51% |
| Vaxtaberandi skuldir | 3,10% til 7,39% | 2,61% til 7,99% |

Flokkun fjármálagerninga eftir stigum gangvirðis hefur ekki breyst á tímabilinu en sjá má skiptinguna í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2015 í skýringu 28.

Næmnigreiningar á áhrif breytinga á vaxtastigi, gengi gjaldmiðla og álverði eru sýndar í skýringu 24 með ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2015. Bent er á að hafa þessa skýringu til hliðsjónar við lestur árshlutareikningsins þar sem breyting á þessum forsendum hefur talsverð áhrif á ýmsar stærðir í reikningsskilum samstæðunnar.